



ÍPRÓTT · MENNING · LÍFSSTÍLL

Aganefnd LH

Mál nr. 2/2011

Vegna Gæðingamóts Andvara 2011.

Tekið er fyrir mál nr. 2/2011,
Frá Símoni Orra Sævarssyni og Lárusi Sindra Lárussyni.

Tekin er fyrir kæra ofangreindra vegna Gæðingamóts Andavara 2011, haldið 2 -5 júní 2011.

Fyrir liggur innsend kæra ofangreindra og yfirlýsing Geirþrúðar Geirsdóttur.

Málsatvik:

Fyrrgreind kæra fjallar um að Matthías Kjartansson hafi ekki verið skráður félagi í Andvara þann mánuð sem grein 3.1 í Lögum og reglum LH 2011 gerir ráð fyrir.

Niðurstaða aganefndar LH:

Samkvæmt yfirsýrslu Geirþrúðar Geirsdóttur, gjaldkera Andvara, frá 7. Júní 2011, kemur fram að Matthías Kjartansson var skráður í Andvara í lok apríl 2011 og því löglegur keppandi á ofangreindu móti.

Með tilliti til ofangreinds er málinu vísað frá.

Forsendur fyrir niðurstöðu aganefndar:

Lög og reglugerðir um keppni á vegum LH, málsgrein 3.1

Keppni í hestaípróttum, gæðingakeppni og kappreiðum skal fara fram skv. lögum og reglugerðum LH og ÍSÍ svo og öðrum reglugerðum sem LH hefur samþykkt.

Keppnistímabilið er almanaksárið. Keppnistímabil í reglum þessum þýðir hvert byrjað keppnistímabil þar sem það á við. Aðeins félagsmönnum hestamannafélaga er heimil þátttaka í opinberum mótum innan vébanda ÍSÍ. Keppnisrétt öðlast ípróttamenn er þeir hafa verið einn mánuð á félagaskrá hlutaðeigandi hestamannafélags.

Yfirlýsing Geirþrúðar Geirsdóttur

Sæll sendi þér þetta skeyti skv. beiðni.

Að því er ég best veit þá var :

Matthías Kjartansson var skráður félagi í Andvara í lok apríl 2011.

Kveðja Geirþrúðar Geirsdóttur

Aðild að málinu er rétt.

Reykjavík 07. júní 2011

Þorvaldur Sigurðsson

Atli Már Ingólfsson

Sæþór Fannberg